

1875

33
26tta
apríl

jörð Þingeyraklausturs, Steinnes, sem byggð hefur verið fyrrveranda klausturpresti til Þingeyra fyrir 300 álna afgjald og nú skal byggja nýjum prestri þannig, að afgjaldið verði áskilið eptir meðalverði allra meðalverða, en það afgjald þykir afarhátt í samanburði við kosti jarðarinnar — hafi lagt það til, að afgjaldið af nefndri jörð verði áskilið samkvæmt rentukammerbrjefi 6. maí 1843, en að 9 hndr. prestsskylda sú, sem Þingeyraklausturspresti er ákveðin og þannig hefur verið útilátin, að 4 hndr. hafa verið greidd eptir meðalverði allra meðalverða, en hitt sumpart eptir verðlagi verðlagsskrár á smjöri og eingirnissokkum og sumpart verið jafnað upp með landsskuldinni af nefndri jörð Steinnesi, — verði eptirleidis reiknuð eptir meðalverði allra meðalverða. Samkvæmt þessu og með skírskotun til athugasemdar yðar, viðvikjandi framanrituðu málefni, hafið þjer lagt það til, að prestsskylda sú, er nefndum prestri ber af Þingeyraklaustri, verði eptirleidis að öllu leyti reiknuð eptir meðalverði allra meðalverða þannig, að 6½ hndr. verði greitt honum af umboðssjóðnum í peningum, en 2½ hndr. eins og að undanförunu, jafnist upp á móti landsskuldinni af Steinnesi, og verði við hina nýju byggingu jarðarinnar að áskilja hana eptir meðalverði allra meðalverða.

Út af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari auglýsingar þjónustusamlega tjáð, að það er hjer með samþykkt, að prestsskyldur þær, sem ákveðnar eru prestunum til Möðruvalla- og Þingeyra-klaustra, verði eptirleidis goldnar þeim að öllu leyti í peningum, eptir meðalverði allra meðalverða, og að jörðin Steinnes, sem liggur undir síðarnefnt klaustur, verði byggð á þá leið, að allt afgjaldið (landsskuld og leigur), verði reiknuð eptir meðalverði allra meðalverða».

Framanritað brjef ráðgjafans, leiði jeg ekki hjá mjer þannig þjónustusamlega að tilkynna herra amtmanninum, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til þess, að þjer birtíð það hlutaðeigandi umboðsmönnum, þeim til eptirbreytni.

34
29da
apríl

Brjef landshöfðingja (til stiptysfirvaldanna).

Samkvæmt allraþegnsamlegustu tillögum ráðgjafans fyrir Ísland, hefur hans hátign konunginum þóknast 30. f. m., allramildilegast að fallast á, að jörðin Íshóll í Ljósavatsnshreppi í Þingeyjarsýslu, sem er eign Laufáskirkju, verði afhent bóndanum Jóni Benidiktssyni á Stóruvöllum, í skiptum fyrir jörðina Heiðarhús í Hálsahreppi í sömu sýslu, þannig, að eptir skiptin greiðist af hinni fyrrnefndu jörð, tíund og önnur almenn gjöld, er eigöndum bændajarða ber að lúka, en hinni síðarnefndu jörð fylgi sama gjaldfrelsi og öðrum kirkjujörðum.

Þetta er hjer með tjáð stiptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

35
5ta
maí.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland, útlekkingar af skýrslum herra amtmannsins frá 19., 20. og 30. marts þ. á. um heilbrigðisástand sauðfjárins á Suðurlandi og látið álit mitt í ljósi um það, sem hingað til hefur verið gert og framvegis ber að gera til að uppræta fjárkláða þann, sem í vetur hefur gert vart við sig í Borgarfjarðar, Kjósar, Gullbringu og Árnessýslum, hefur ráðgjafinn 24. f. m. meðal annars ritað mjer á þessa leið:

«Samkvæmt skýrslum þeim, sem brjef yðar herra landshöfðingi og fylgiskjöl þess hafa inni að halda, verður eigi betur sjeð en, að aðferð sú, sem hingað til hefur verið viðhöfð,

að öllum jafnaði hafi verið rjett og skynsamleg, og eins verða menn að vera yður, herra landshöfðingi, samdóma um það, að bæði þegar lítið er til þýðingar málsins sjálfs, og þegar tillit er haft til ótta þess og kvíða, sem uppkoma og útbreiðsla fjársýkinnar hefur valdið í öðrum sveitum landsins, einkum í norður- og austurumdæminu, þá sje nauðsynlegt tafarlaust að láta nýjar vandlegar og nákvæmar skoðanir fara fram á öllu fje í öllum þeim hreppum, er sýkin hefur sýnt sig, eður grunur hefur verið eður kvittur um, að hún sje eður hafi verið uppi — og þar eptir svo fljótt sem unnt er að auglýsa almenningi í stjórnartíðindunum, blöðunum eður ef til vill á annan hentugan hátt nákvæma og sannaða skýrslu um ástandið samkvæmt þessum skoðunum, og um ráðstafanir þær, sem hafa verið gjörðar eður skipaðar. Hinar nefndu skoðanir ber dýralækninum að svo miklu leyti sem gjörandi er, að framkæma með eigin augum; en eins og þær til þess að flýta fyrir þeim á fjærleggjandi stöðum, einkum ef dýralæknirinn áður hefur komið þar, eða ef yfirgripsmikill niðurskurður hefur átt sjer stað, mega felast öðrum á hendur samkvæmt tilskipun frá 4. marts 1871 § 1, eins gæti það, ef til vill, farið vel, að gjöra skoðanir þær, sem dýralæknirinn framkvæmir með eigin augum, enn betur kunnar almenningi með því að láta menn þá, sem til eru teknir í nefndri lagagrein, eður, ef tilefni skyldi vera til þess, kosna menn frá nágrannahjerudum, vera viðstadda slíkar skoðanir. Ráðgjafinn er yður einnig samdóma um, að það verði að vera komið undir því, hvernig ástandið, þegar þessar skoðanir eiga sjer stað, reynist að vera, hvort stjórnin geti látið sjer nægja lækningar, — og skal í þessu tilliti athugað, að sjá verður um, að nægileg lækningalyf flytjist til hinna einstöku sveita, hafi þetta ekki þegar verið gert — eða hvort það verði álitid rjettast að beita ráðstöfunum, er ganga lengra, að setja fjárverði eða skera niður, samkvæmt tilskipuninni frá 1871. Við þetta skal þó ekki undanfella að athuga, að á þeim stöðum, er sjúkdómurinn þrátt fyrir ráðstafanir þær, er hingað til hafa verið gjörðar, hefur haldið sjer eður jafnvel út breiðst hina síðastliðnu 4—5 mánuði, getur verið ástæða til að hafa það í skilyrði fyrir að hafna þessum alvarlegri ráðum, að full trygging fáiist fyrir að fjárhópum þeim, sem kláði hefur komið fram í, og þessvegna verður að álita grunaða, verði sjer í lagi á sumrinu, sem nú fer í hönd, haldið sjer, aðskildum frá öllu öðru fje. Því skal þar að auki við bætt, að svo framarlega sem samkvæmt þessu verður spurning um að skera niður nú þegar eður, eins og betur mundi fara, síðar á sumrinu, verður að hugleiða, hvort eigi mundi rjett á alþingi í sumar, að reyna til að fá tilskipuninni frá 1871 breytt í þá átt, að þar sem einstakir fjáreigendur, einstakir hreppar, sýslur eða ömt mundu verða fyrir miklu tjóni, veitist hinum fyrrnefndu nægilegar skaðabætur og hinum síðarnefndu aðstoð frá þeim hjerudum, sem það skiptir nokkru, að slíkum ráðum er beitt».

Um leið og jeg kynni yður þetta herra amtmaður, til leiðbeiningar og ráðstafanar, skal jeg í framhaldi af brjefi mínu frá 22. marz þ. á. (stjórnartíð. B. 21), mælast til þess, að þjer sem vandlegast sjáið um, að hinar fyrirskipuðu skoðanir fari fram, á sem tryggilegastan hátt, og að alstaðar, þar sem kláði finnst í fjenu, eður það, af því að kláði hefur fundist í því áður, er álitid grunað, verði hafðar sterkar gætur á því, að engri kind verði slept á fjall, en öllu fje haldið heima, þangað til það verður skorid niður eður allæknað. Jeg vona sem fyrst að fá frá yður skýrslur um það, sem komið hefur fram við skoðanirnar, og tillögur yðar um ráðstafanir þær, sem þar eptir á að gjöra.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Um leið og þjer herra amtmaður í þóknanlegu brjefi frá í gær gáfuð skýrslu um heilbrigðisástand sauðfjárins í suðurumdæminu samkvæmt skoðunum þeim, sem farið